

1862.

60. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að gefa út íslenzk leiðarbrèf og mæla skip. 24. októberm.

Með því dómsmálastjórnin með öllu fellst á þá skoðun, er þér, herra stiptamtmaður, hafid látið í ljósi í bréfi yðar 15. ágústm. þ. á. um uppástungu, er komið hafði frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu um, að honum verði veitt leyfi til að út gefa íslenzk leiðarbrèf, þegar þess er óskað, handa skipum sem koma til Hafnarfjarðar og Keflavíkur frá útlöndum, og ekki hafa leiðarbrèf þessi meðferðis, og að hann fái áhöld þau, er þarf til að mæla stærð skipa þeirra, sem ekki hafa neitt löggilt mál, þá skorar stjórnarráðið á yður að gefa sýslumanninum svar þessu samkvæmt, og um leið benda honum á, að hann ekki megi leyfa, að neitt sé flutt í land af farmi skipa þeirra, sem koma beina leið frá útlöndum til verzlunarstada þeirra, sem að ofan eru nefndir, eða að neitt sé flutt út í þau skip, þó þau hafi íslenzk leiðarbrèf, fyrri en búið er að sanna það af skjölum þeim, er þau hafa meðferðis, að þau samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum 15. aprílm. 1854, 2. gr., áður hafi komið við á einhverri af þeim 6 höfnum, sem þar eru nefndar¹.

61. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um korn er sent var til Snæfellsnes sýslu. 24. októberm.

Um leið og þér senduð hingað reikning yfir korn það, sem sent var til Snæfellsnes sýslu vorið 1861 með skipi, er „Anna“

1) Stiptamtmaðurinn hafði í bréfi sínu til stjórnarráðsins látið þá skoðun í ljósi, að eigi bæri að fallast á uppástungu Clausens sýslumanns, og í því efni tekið fram: »að þó því að visu ekki verði neitað, að það geti orðið til nokkurra óhæginda og nokkurrar tafar fyrir þá, sem ætla á einhverja höfn í Gullbringu sýslu, að koma fyrst við í Reykjavík, þá sé þó svo skammt milli hafna þessara og Reykjavíkur, og óhægindi þau, sem um er rætt, því svo litil, að þess vegna ekki sé næg astæða til að gjöra undantekning frá boði laganna aðeins fyrir greindar hafnir«.

1862.
24. októberm. heitir og Thurö skipstjóri ræði fyrir, hafið þér, herra amtmaður, í bréfi 21. júlím. þ. á. bedið um ákvörðun stjórnarinnar um, hvað eigi að gjöra við þær 78½ tunnur, sem enn sæu eptir af korni þessu.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér gjörið þær ráðstafanir, er með þarf í því efni, að ef hrepparnir ekki æskja að fá til láns korn það, sem eptir er, með þeim kjörum, sem ákveðin eru í bréfi dómsmálastjórnarinnar 12. septemberm. 1861, og ef ekki horfir til kornskorts í vesturumdæminu á komanda vetri, ber þegar að selja kornið fyrir hinn íslenska styrktarsjóð, og borga inn í jarðabókar-sjóð Íslands fé það, sem fæst bæði fyrir það, sem selt verður og lánað. Af því bréf yðar gefur tilefni til þess, skal því við bætt, að hrepparnir framvegis ekki mega búast við, að stjórnin sendi kornbyrgðir til landsins, og skal í því tilliti skýrskotað til bréfs dómsmálastjórnarinnar 29. septemberm. 1860.

24. októberm. **62. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um bænarskrá um gjafsókn í máli út af skattheimtu.**

Í bréfi 18. júlím. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, borið undir úrskurð stjórnarráðsins, hvort veita skuli eptir bænarskrá frá Jóni Guðmundssyni, settum málaflutningsmanni við yfirdóminn, 12 bændum í Árnessýslu gjafsókn til að flytja mál í héraði gegn Þórði kammerráði Guðmundssyni út af því, að hann hefir heimt og að nokkru leyti tekið fjárnámi hinn svo kallaða samlagningarskatt, og hafið þér þar að auki bedið um, að stjórnarráðið lýsi því yfir, hvort nauðsyn sé á að skipa annanhvorn dómendanna í yfirdóminum í málið sem settan dómara, til að dæma það í héraði, ef það verður höfðað, þareð svo kynni verða álitid, að allir sýslumenn væru óhæfir til þess vegna þess, að þeir gætu haft hag eður óhag af úrslitum málsins.

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, að eigi ber að veita gjafsókn þá, er um hefir verið sótt, og að